



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 20. janúar 2022
Málsnr. 2103006/JKÁ/HH

Efni: Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103006

Á 535. fundi stjórnar SSH, hinn 17. janúar 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103006

Fyrir 523. fund stjórnar var fyrirbyggjandi skýrslan Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins dags. febrúar 2021 sem var unnin af ráðgjafastofunni Environice fyrir SSH. Skýrslan var hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2021. Einnig var lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 12. apríl 2021 um næstu skref sóknaráætlunarverkefnisins fyrir árið 2021. Eftirfarandi niðurstaða var rituð í fundargerð: „Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra. Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.“

Nú liggja fyrir drög að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið dags. janúar 2022 ásamt skýrslu um aðgerðir til framfylgdar, unnin af Environice fyrir SSH.

Eru ofangreind drög lögð fyrir fundinn og gerð tillaga um að þeim verði í kjölfarið vísað til aðildarsveitarfélaganna til umfjöllunar og ábendinga.

Gestir: Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að framlögð drög að loftslagsstefnu verði send aðildarsveitarfélögunum til umræðu og ábendinga. Jafnframt verði drögin send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til upplýsinga.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið dags. janúar 2022 og eru þau lögð fram til umræðu og ábendinga. Einnig er lagt fram minnisblað um verkefnið dags. janúar 2022. Er þess óskað að ábendingar varðandi drögin berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 17. febrúar næstkomandi.

Óskir um kynningar á framangreindu berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, janúar 2022.
Minnisblað - loftslagsstefna - lok verkefnið, janúar 2022.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026